

Tafla I. Hita-, úrkomu- og sólskinsmælingar á Hallormsstað 1972.

Mán- uður	Hitastig C		Úrkoma mm		Sólskinsstundir	
	Meðal- tal	Vik frá meðal- lagi	Sam- tals	Vik frá meðal- lagi	Sam- tals	Vik frá meðal- lagi
Janúar	3,0	+4,6	199,9	+99,1	-	-
Febrúar	1,8	+3,1	113,4	+48,4	20,6	-12,3
Marz	2,3	+3,0	230,1	+187,4	74,2	-11,9
Apríl	2,5	+1,0	62,9	+23,2	141,0	+ 9,3
Maí	6,7	+1,3	53,1	+28,5	134,8	-43,9
Júní	8,1	-0,9	92,0	+63,9	142,2	-39,8
Júlí	11,2	+0,5	47,6	+ 6,5	161,4	-13,6
Agúst	9,9	+0,1	26,2	-12,9	169,7	+39,7
September	7,8	+0,6	39,4	-12,8	113,8	+22,7
Október	4,5	+0,3	90,6	+26,9	68,2	+18,4
Nóvember	0,5	-0,6	53,4	-26,2	12,5	+ 7,1
Desember	1,6	+2,5	189,7	+101,6	-	-
Árið	5,0	+1,3	1.198,3	+533,6	1.037,4	-24,9
Júní- sept.	9,3	+0,1	-	-	-	-

Tafla II. Hitastig undir frostmarki við jörð 1. maí - 28. sept 1972.

Mánuður	Dagur	Í mælaskýli	Við jörð
Maí	1.	-2,7	-3,5
"	2.	0,4	-0,4
"	3.	-1,7	-2,0
"	20.	1,6	-1,5
"	28.	1,2	-0,2
Agúst	31.	1,0	-
September	12.	-	-2,4
"	13.	-1,5	-3,6
"	17.	1,6	-1,8
"	18.	2,7	-1,3
"	19.	-0,1	-2,5
"	21.	-0,1	-1,0
"	25.	1,5	-1,2
"	26.	1,5	-1,1
"	28.	1,6	+2,3

Mesta frost ársins varð 16. febrúar 19,5 stig. Mesti hiti ársins varð 26. júlí 22,8 stig og var það í eina skiptið, sem hitinn fór yfir 20 stig.

Í september var yfirleitt mild tíð. Þó var frá seinni hluta dags hinn 6. til 10. ríkjandi norðlæg átt. Og fremur svalar nætur 12-13. En í góðu tíðinni frá 14. til mánaðarloka byrjuðu sóleyjar og fíflar að blómgastr að nýju. Bláklukka, vallhumall o.fl. tegundir héldu mjög vel blómunum. Yfirleitt allur trjágróður þroskaði mjög vel ársprotta. 21 dag í september var V og SV átt. Í 7 daga í mánuðinum var fokmistur, enda var snjólaust á söndum og afréttum.

Fram að frostnóttunum 10. og 11. okt. héldu túngrös sér mjög vel. 3.-6. okt. var mjög hlýtt, fór hitinn í 14,5 stig hinn 6. og 14,0 stig hinn 18.

Í fyrstu viku nóvember var mjög milt. Notuðust dagarnir mjög vel fyrir plöntur til þess að búast um fyrir veturinn. Frost kom ekki í jörð að heitið gat í mánuðinum, því að snjórinn, er kom jafnsnemma frostinu, skýldi jörðinni.

Í fyrri hluta desember var austan og norðaustanátt algengust, er var óvenjuhly, en síðari hluta mánaðarins suðlæg átt.

Heitu dagana 17.-21. des. byrjuðu að springa reklahlífar á loðvíði og þingvíði.

Í árslok var skógarjarðvegur frostlaus, en 20 cm frostþykkt í græðireitnum.

2. Vöxtur og þrif trjágróðurs.

a. Laufgun og lauffall.

Birkiskógurinn var allaufgaður 25. maí, en 15. maí var hann farinn að grænka. Þann dag var lerki orðið grænt og Álaskaösp srungin út.

Um 17. sept. voru um 2/5 hlutar birkisins orðnir gulir, mest lauf féll 26. sept. og nær allt fallið 29. sept.

b. Vöxtur.

Vöxtur var almennt betri en árið áður, nema á lerki. Hann var þó sæmilegur í yngri lerkiplöntunum, en hinn minnsti, síðan 1965 í Guttormslundi. Ennfremur var vöxtur á dreifplöntum af lerki í gróðrarstöðinni einhver hinn minnsti, sem sézt hefir.

Greni óx nú betur en um langt skeið og ennfremur var mjög góð framför í birki.

c. Fræfall.

Lítið fræ var nú á birki sem von var eftir hið mikla fræár 1971. mikið fræ var hins vegar á broddfuru og ofurlítið á sitkagreni og stafafuru.

Talsvert var nú af könglum á gömlu lindifurunni, en ég veit ekki enn, hvort nokkuð hefir verið af þroskuðu fræi.

Safnað var 13 kg af lúpínufræi.

d. Skaðar.

Í vorhretinu í maí=byrjun, sem þó var mjög vægt, hlaut lerkið greinlega nokkurn hnekki. Í gróðrarstöðinni náði það sér aldrei á strik og lerkiteigar bæði í birkiskóginum og á víðavangi í Mjóanesi voru ákaflega föllir fram eftir sumri.

Ástæða er til að ætla, að þetta hret hafi valdið því ásamt kannski geysimikilli úrkomu í maí og júní, að geysimikill skaði varð af völdum Potrebniamyces coniferarum í Guttormslundi. Hefir lundurinn ekki litið svo illa út síðan 1968. Krónulítil tré þoldu ekki þetta áfall og fórust nokkur þeirra.

Hins vegar voru enn sum kvæmi, sem sveppsins var ekki vart í.

3. Starfsfólk.

Vinnustundir og kaupgreiðslur á árinu voru sem hér segir:

Vinnustundir í tímavinnu alls 20.769 ... kr. 3.332.037,20
Ákvæðisvinna " 277.925,00

Nestispeningar kr. 3.609.962,20
" 37.800,00

Alls kr. 3.647.762,20
=====

Af þessari upphæð var vinnusala 1086 klst. og 170.612,70 kr. Innifalinn er einnig vinna við framkvæmdir í Fljótsdal, kr. 177.940,30. Fólki, sem búsett er í ~~VIXXKXKXKX~~ Vallahreppi, var greitt í laun kr. 2.242.923,10. Þegar framkv. í Fljótsdal eru dregnar frá, er það um 65% af kaupgreiðslum, eða aðeins lægra en árið áður.

Flest varð fólk í júní 31.

Verkaskipting okkar Páls Guttormssonar var hin sama og áður, en auk þess sá ég nú sjálfur algerlega um plöntun í skóglendi.

Ingbjörg Sigurðardóttir var ráðskona 14. sumarið í röð.

Gunnar Finnbogason, skógarvörður í Eyjafirði, kom hér þrisvar á árinu: í maí, síðla ágúst og í september. Hann var hér hálfan mánuð í seinasta skiptið og sá þá um starfsemina fyrir mig, er ég fór í orlof til Noregs. Í öll skipti vann hann við reikningsuppgjör.

Fyrsta ~~skógræktarfékkni~~ sumarfólk kom hingað 17. maí og vinna hófst 18. maí, en lauk 22. sept.

Þórarinn Benedikz var hér við vinnu í tilraunum 24. maí - 7. júní og aftur 30. ágúst - 6. september.

Tveir erlendir skógræktarstúdentar voru hér á sumrinu: Martin Bouman frá Hollandi, sem vann með Þórarni Benedikz í bæði skiptin, sem hann var hér, en var annars allt sumarið, og Rudolpho Rodriguez frá Mexíkó, sem var hér hálfsmánaörtíma í júlí. Til gamans má geta þess, að hann hafði haft sem kennara í Mexíkóborg Avelino de Villa ~~XXXX~~ Salas, sem hér kom haustið 1969.

4. Girðingar.

a. Viðhald.

Við Hallormsstaða-, Hafursár- og Mjóanesgirðingu var mjög lítið viðhald, og er varla hægt að segja, að kind sæst í girðingunni á þessu ári.

Aftur á móti var mikil vinna við Jórvíkurgirðingu. Þar var nú skipt um af styttnum og enn dálítið af staurum. Vann það verk Ingólfur Reimars-son á Innri-Kleif með tevimur sonum sínum, eins og árið áður. Er nú vonandi, að viðgerðum í Jórvík linni um sinn.

En augljóst er, að girðingin hefir verið teygð til fjalls umfram alla skynsemi, nema hvað friðun efra landsins þar getur auðvitað haft almenna þýðingu í gróðurfarslegu tilliti í framtíðinni.

Vinnukostnaður við girðingaviðhald varð 56 þús. kr.

b. Ásagirðing.

Vinna við Ásagirðingu hófst 8. ágúst, þar sem frá var horfið 1971, og stóð sleitulaust til 6. október.

Girðingunni var nærri lokið milli Kerlingarár og Sellækjar. Eru það 1.750 m og langferfiðasti kaflinn, því að þar þurfti að bera mjög mikið í klappir og nota mikið af járnstaurum. Þvírað negla styttnur á

hluta af þessum kafla, en á honum eru 3 lækir og 3 rennur.

Lokið er svo garði undir girðinguna frá Sellæk og inn að Grafningsá, sem fellur fyrir innan Skjögrastaði, og niður með henni. Eru það 4.650 m. Á þessari leið eru 12 lækir og er búið að ganga frá garðinum við þá. 15 rennur eru gegnum garðinn á þessari leið og er búið að ganga frá þeim og hlaða sniddu kringum þær. Ennfremur er búið að ganga frá 3 hornstaurum innan við Sellæk.

Þá hafa verið lagðir vegir að girðingunni að utan frá Selvegi og inn undir Klifá. Eru þeir 3,8 km að lengd, en endurbót á gamla Selveginum ~~1,0~~ 1,0 km. Gamli Skjögrastaðavegurinn var endurruddur, 2,6 km, og nýr vegur lagður upp og út með girðingunni frá Skjögrastöðum að Klifá að framan, 2,8 km.

Alls er þannig vegagerð í sambandi við girðingavinnuna 10,2 km. Er þá hægt að komast meðfram henni allri á bíl eða dráttarvél. Meira en hælmingur af þessum vegum mun svo koma að gagni síðar, er farið verður að planta í landið.

Vinna við þessar framkvæmdir kostaði 273 þús. kr., en ýtuvinna 211 þús. kr.

Næsti áfangi er svo að setja upp sjálfa girðinguna á þessum 4.650 m, og teljum við, að það verk sé auðunnið eftir þann undirbúning, sem nú var lýst.

Geta verður þess, að öll vegagerðin er innifalin í kostnaði við ýtuvinnumuna.

5. Skógarhögg.

Á árinu féllu ekki nema 65 tonn af birki, sem ekið var úr skógi. Ástæða var að nokkru leyti sú sama og 1971: Mikið af skógarhögginu var grisjun í lítilsverðum eða ungum skógi.

Skógarhöggið - eða grisjunin - hófst 3. febrúar og stóð meira og minna til 12. maí. Tíðarfar var yfirleitt mjög hagstætt, nema hluta af marz.

5 menn voru meira og minna í högginu, en unnu við aðdyttingu á verkfærum og dráttarvélum, þegar ekki viðraði í skóg.

Kurlun á viði hófst 11. júlí og var tekin í tveimur áföngum. Lauk 28. ágúst. Birking og ydding á staurum hófst 20. júlí og lauk ekki endanlega fyrr en í október. Gekk hún nú mun verr en 1971, þótt að mestu væri unnin af sama manni. Verkið var sem fyrr unnið í ákvæðisvinnu og sótti hann það einfaldlega af minna kappi nú en áður.

Sama tilhögun var höfð í verkinu og árið áður. Hins vegar var nú sú nýbreytni reynd að kurla í ákvæðisvinnu, og tel ég það tvímælalaust til bóta, með því verkið tók styttri tíma. Var greitt ákveðið verð fyrir vagnhlass af viði. Skiptu þeir tveir menn, er verkið unnu, gjaldinu milli sín í ákveðnum hlutföllum.

Þessi svæði voru grisjuð:

a. Atlavíkin öll. Var þessi grisjun gerð til þess að gera svæðið aðgengilegra ferðafólki og bæta þar við tjaldstæði og svo ekki sízt til þess að bæta skóginn í Víkinni.

b. Svæðið ofan við Atlavík og útundir Kerlingará, en innan við plantanirnar frá 1948 og 1952. Var þetta grisjað fyrir plöntun á jólatrjám.

c. Höggvið var ofan af lerki fyrir ofan Atlavíkurklett innundir Atlavíkurstekk. Er á þessu svæði ákaflega lélegur birkiskógur. Lerkið, sem þarna er, var gróðursett 1962.

Kostnaður varð þessi:

a. Grsjun 142 þús. kr.

b. Skógarhögg 31 þús. kr.

c. Vinna við eldivið og staura, þar með ósun, sem unnið var við

Tafla III. Sala girðingarstaura á Hallormsstað 1972.

Stærð	Hálfb. og yddir	Albirtir og yddir	Fúavarðir	Álls	Par af í eigin skóg- lendi
<u>Lerki:</u>				2.9	
B 2	-	-	1.222	1.222	260
B 3	-	-	1.220	1.220	317
B 4	-	-	380	380	-
Styttur	-	-	792	792	652
<u>Birki:</u>					
B 2	401	1.751	185	2.337	
B 3	40	897	1.880	2.817	1.394
B 4	-	489	235	724	-
Styttur	-	230	95	325	-
Alls	441	3.367	6.009	9.817	2.623

Tafla IV. Viðarsala á Hallormsstað 1972.

Arinviður 965 pokar	32.800 kg
Efniviður til smíða, þurrkaður	1.150 "
Efniviður til Trétækni, ókurlaður	6.600 "
Eldiviður, kurlaður	4.000 "
Reykingaviður, kurlaður	2.500 "
Blómasúlur	585 "
Birkispæmir, 6 pokar	200 "
Alls	47.835 kg

Tafla V. Staurabirgðir í árslok 1972.

Stærð	Hálfb. og yddir	Albirtir og yddir	Fúavarðir	Alls
<u>Lerki:</u>				
B 2	-	-	235	235
B 4	-	-	290	290
Styttur	400	-	960	1.360
B 3 gaml.	-	-	96	96
<u>Birki:</u>				
B 2	30	-	1.150	1.180
B 3	-	-	550	550
B 4	-	1.270	90	1.360
Styttur	-	2.608	270	2.878
Alls	430	3.878	3.641	7.949

október og nóvember, 450 þús. kr.

Þá er þess að geta, að í janúar og febrúar var hlaðið upp í köst verulegu magni af viði, sem kurlaður var sumarið 1971.

Tafla III sýnir afhendingu girðingarstaura og tafla IV afhendingu á viði 1972. Tafla V sýnir birgðir af staurum. Þess er að geta, að svo virðist sem veruleg rangtalinng hafi átt sér stað á staurabirgðum í árslok 1971. Munum við reyna að koma í veg fyrir slíkt aftur. Hafa vissar staurabirgðir verið verulega oftaldar, einkanlega á grönnu birki- og lerkistaurunum. En líka hefir eitthvað ruglazt á milli stærðarflokka.

Jólatré.

Tafla VI sýnir afhendingu jólatrjáa á árinu og skiptingu þeirra eftir tegundum og stærðarflokkum. Ennfremur sýnir hún, hve mikið er bein sala héðan frá Hallormsstað og hve mikið er selt Landgræðslusjóði í Reykjavík. Er gott að hafa þetta sundurgreint, ennfremur er gott að hafa nákvæmt yfirlit yfirstærðarflokkana í heimasölnunni. Við vitum þá betur, hvaða þörfum við eigum að fullnægja. Þannig sýnir þetta aukningu á okkar eigin sölusvæði um rúmlega 100 tré, eða um 21% frá árinu áður.

Eins og áður voru trén til Landgræðslusjóðs send óþökkuð með flugvef. Kostaði sá flutningur 27.600 kr, eða 19 kr. á tré til jafnaðar.

Vinna við jólatrén nú kostaði 95.500 kr., eða 46,50 kr. til jafnaðar. En heildsöluverð (með söluskatti) á þeim flokki, sem mest er höggvið af, 1,01-1,25 m, er 195 kr stk. Sýnir þetta held ég allbærileg útkomu.

Liturinn á rauðgreninu var nú mun betri en árið áður, enda borið á reitina vorið áður og sama sumar.

Hins vegar þarf endilega að leggja höfuðáherzlu á að planta í ~~fram~~ framtíðinni blágreni sem jólatré. Það hefir allayfirburði framyfir rauðgreni til þessara nota, enda viðurkennt, t.d. í Bandaríkjunum, að rauðgreni sé versta trjátegund heimsins sem jólatré.

Sala.

Brúttósala á eldiviði og staurum 1972 nam kr. 775.128, þar af kr. 97.436 í eigin skóglendi. Nettósala, þegar dreginn er frá flutningskostnaður og söluskattur og ekki meðtalið það, sem fór í eigin skóglendi, nam 593.310 kr.

Brúttósala á jólatrjám nam 476.731 kr., en nettósala 424.190 kr.

Brúttósala skóglendis varð því kr. 1.251.859, en nettósala kr. 1.017.500. Aukningin á brúttósölu frá árinu áður er kr. 222.983.

6. Gróðrarrstöð.

a. Fræplöntur.

Tafla VII sýnir sáningu 1972, en tafla XIV fræplöntur til dreifsetningar vorið 1973.

Plöntubirgðaskýringin sýnir fjölda 1/0 plantna 295 þúsund. Er sú tala vissulega fremur lág, en þó verður að telja sáningar ársins 1972 sæmilegar, nema vöxtur á birki í plasthúsunum varð of lítill, miklu minni en sl. ár. Eru þær plöntur aðeins dreifsetningarhæfar.

Undir vorið eyðilagðist megnið af lerkiplöntunum frá 1971, hverju sem um er að kenna.

Skýring er sennilega fengin á eyðileggingu fræplantnanna frá 1971:

Hollendingurinn Martin Bouman tók sýni á tveimur stöðum í þessum beðum og lét rannsaka þau hjá Plant Protecting Service í Wageningen í Hollandi.

Í báðum sýnum reyndist simaxininnihald of hátt. Það var líkt því, sem nýsprautað væri. Skv. þessu verður sú tilgáta okkar, að þarna væri um simazineitrun að ræða, að teljast rétt. Enda spratt þarna varla nokk-

Tafla VI. Sala jólatrjáa og jólagreina á Hallormsstað 1972.

Sölu- svæði/ aðili	Trjá- tegund	H æ ð í c m								Alls tré	kg grein- ar		
		0,70- 1,00	1,01- 1,25	1,26- 1,50	1,51- 1,75	1,76- 2,00	2,01- 2,50	2,51- 3,00	3,01- 4,00			4,01- 5,00	5,01- 6,00
Aust- ur- land	Rauðgreni	30	143	135	143	64	26	8	2	-	-	551	-
	Sitkagr.	-	-	-	-	-	4	4	7	8	4	27	-
	Fjallafura	-	3	-	-	-	-	-	-	-	-	3	110
	Sveigfura	-	-	1	1	1	1	-	-	-	-	4	-
Alls Al.		30	146	136	144	65	31	12	9	8	4	585	110
Land- græðslu- Sjóður	Broddgreni	-	5	3	2	-	-	-	-	-	-	10	-
	Rauðgreni	582	509	275	64	21	5	-	-	-	-	1.456	-
	Fj.þinur	-	-	-	-	-	-	-	1	2	-	3	-
Samtals		612	660	414	210	86	36	12	10	10	4	2.054	110

Tafla VII.

Sáning 1972.

mmmmmmmmmmmmmm

Nr.	Tegund	Kvæmi	m ²		
810	Birki	Hallormsstaður	119,0	plh.	
810	Birki	Hallormsstaður	57,0		
824	Blágreini	Suður-Alberta	46,5		
805	Rauðgreini	Hemnes	22,5		
582	Sitkabastarður ..	Moose Pass	35,5		
712	Sitkagreini	Homer	16,5		
797	Sitkagreini	Cordova	12,0		
721	Svartgreini	Rocky Mtn. Ho.	6,0		
798	Bergfura	Pýrenneafjöll	24,0		
821	Stafafura	Haines	26,5		
XXXXXXXX					
829	Broddfura	Hallormsstaður	5,0		
736	Síberíulerki	Altai	126,0		
822	Rússalerki	Mo og Dom.	57,0		
833	Síberíulerki	Krasnojarsk	43,5		
828	Fjallapínur	McKenzie Pass	9,0		
823	Rauðpínur	Mt. Shasta	6,0	612,0 vorsáning.	
			<hr/>		
773	Pinus sibirica ..	Kemerova	3,0		
774	Pinus sibirica ..	Prændalög	1,0		
708	Pinus cembra	Pýzkaland	1,5		
831	Pinus albicaulis	Savanna Creek	3,0		
832	Pinus koraiensis	Primorsk	1,5	10,0 haustsáning.	
			<hr/>		
Alls			622,0	622,0	
			<u>mmmmmmmmmmmmmm</u>		

Tafla VIII.

Dreifsetning 1972.

mmmmmmmmmmmmmmmmmmmm

Nr.	Tegund	Kvæmi	Aldur	Fjöldi
750	Birki	Hallormsstaður	1/0	18.200
742	Blágreini	Hallormsstaður	2/0	23.300
	Rauðgreini	Hallormsstaður	2/0	1.400
699	Rauðgreini	Trysil	2/0	20.200
582	Sitkabastarður ..	Moose Pass	2/0	5.400
743	Sitkagreini	Hallormsstaður	2/0	2.400
712	Sitkagreini	Homer	2/0	15.400
755	Bergfura	Haut conflent	2/0	5.900
744	Broddfura	Hallormsstaður	2/0	18.000
685	Lindifura	-	3/0	4.100
722	Lindifura	Irkutsk	3/0	7.000
678	Stafafura	Smithers	3/0	6.500
735	Rússalerki	Arkangelsk	2/0	15.300
725	Síberíulerki	Lapinjärvi	2/0	11.600
723	Síberíulerki	Altai	2/0	41.600
736	Síberíulerki	Altai	2/0	33.800
737	Síberíulerki	Mo. Do.	2/0	11.600
Alls				241.700

síðs.

mmmmmmmmmmmmmmmmmmmm

urt illgresi sl. sumar (á 2. sumri frá sáningu).

Vinna við sáningu kostaði 65 þús. kr.

b. Dreifplöntur.

Tafla VIII sýnir dreifsetningu 1972. Hún tókst bærulega, svo að við búumst ekki við miklum vanhöldum, nema á stafafuru, sem var dreifsett síðsumars. Hún hefir sennilega drepizt.

Vinna við dreifplöntur kostaði 202 þús. kr.

c. Garðplöntur.

Tafla IX sýnir afhentar garðplöntur 1972 og tafla X dreifsettar garðplöntur. Er þar um verulega aukningu að ræða frá 1971 í báðum tilvikum.

Ýmsar orsakir voru til þessarar aukningar: Vorið var mjög gott, Óli Valur Hansson ráðunautur ferðaðist um Austurland í maí miðjan og hélt marga fræðslufundi. Urðum við áþreifanlega varir við aukna eftirspurn af þeim sökum. Við fórum með 2 bílhlöss af plöntum til Neskaupstaðar og seldum allt upp á svipstundu, og auk þess fór ég með fullan bílinn okkar af plöntum til Húsavíkur ogældi af honum á 2½ klst. Var þetta í samvinnu við skógræktarfélagin á staðnum, sem undirbjuggu komu okkar og auglýstu hana og aðstoðuðu við söluna. Við munum reyna að auka þessa þjónustu eftir því sem bílakostur okkar og tími framast leyfir á næsta vori. Þá fór ég líka suður á Djúpavog með fullan bíl af plöntum, en oft hefir verið mjög erfitt að koma plöntum þangað á heppilegum tíma.

Vinna við garðplöntur rauk nú upp í 378 þús. kr., en brúttósalan nam 612.786 kr., auk þess sem verðmæti garðplantna til eigin nota var ~~kúmsax~~ 10.920 kr. Er þetta aukning um rúmlega 253 þús. kr. frá 1971. Nettósalan nam 524.201 kr.

Að þessu sinni var ekkert gróðursett til framhaldsræktunar á Ormsstöðum, en dreifsetning garðplantna var á öllum stigum um helmingi meiri en 1971, sem þýðir líka meira flatarmál og aukna hreinsun.

Ég er hins vegar vel ánægður með útkomuna. Þegar vinnukostnaður er dreginn frá nettósölu, eru eftir 146 þús. kr., sem við getum ekki státt að af nema í sambandi við jólatrén. Þó verður þess að geta, að við seldum greniplönturnar miklu ódýrara en gert var hjá Skf. Reykjavíkur. Hér hefði ekki þýtt að bjóða svo hátt verð á þeim.

d. Afhending plantna.

Tafla XI sýnir afhentar skógarplöntur og tafla XIII dreifsetningarplöntur til annarra stöðva og töflur XIV, XV og XVI plöntur til dreifsetningar og afhendingar vorið 1973.

Kostnaður við afhendingu plantna nam 142 þús. kr., sem er veruleg hækkun á þessum lið frá árinu áður. Verður þess að gæta í því sambandi, að þegar í haust voru afhentar 32.400 skógarplöntur til Tumastaða og Norðtungu, sem færðar verða til reiknings árið 1973, en eru taldar í birgðum nú. Og vissulega er innifalið í þessum kostnaði vinna við afhendingu á dreifsetningarplöntum til annarra stöðva.

Brúttósala skógarplantna úr stöðinni nam 821.724 kr., þar af í eigin skóglendi 296.031 kr. Brúttósala dreifsetningarplantna nam 174.966 kr. Nettósala skógarplantna nam 496.313 kr.

Öll brúttósala úr stöðinni 1972 (garðplöntur, skógarplöntur, dreifsetningarplöntur) nam 1.620.396 kr., sem er aukning frá 1971 um 709.616 kr.

e. Annað.

Í reitinn var ekið 21 bíl af sandi, 6 bílum af mó mold og 5 bílum

af húsdýráburði..

Allur vinnukostnaður, færður á stöðina á árinu 1972, varð XXX 1.683.196 kr., en var áætlaður 1.110.000 kr. Hefir hann farið 573 þús. kr. fram úr áætlun. Hins vegar fór sala garðplantna einna líka 200 þús. kr. fram úr áætlun og skógarplantna um 250 þús. kr. fram úr.

Í sambandi við þessa röskun áætlunar er vert að geta þess, að 1971 varð kostnaður í stöðinni 928 þús. kr., en unnar vinnustundir í tíma-
vinnu voru þá 8.550. Árið 1972 var tilsvarendi vinnustundafjöldi 9.500, en kostnaður fór upp í 1.683 þús. kr. Þannig er aukning vinnustunda-
fjölda 11%, en krónutölu kostnaðar 82%. Eg reikna þá með í þessu dæmi, að vinnutími ráðskonu sé svipaður bæði árin og ennfremur, að hlutfall ákvæðisvinnu við dreifsetningu sé líka svipað.

Þetta eina dæmi sýnir ljóslega, að grundvöllur áætlana þyrfti að vera vinnustundirnar, en ekki krónutala. Þetta er mjög auðvelt, því að í sambandi við sundurliðun vinnunnar þarf hvort eð er að byrja á að ~~XXXXXX~~ telja saman vinnustundir fyrir hvern verkþátt, meira að segja sundurliðað í dagvinnu, eftirvinnu og næturvinnu. Ef þessi aðferð er notuð í sambandi við áætlanagerð, fæst alltaf raunhæfur kostnaðar-
samahurður frá ári til árs. En samanburður á krónum, sem hafa mismun-
andi gildi, er hins vegar út í hött.

7. Gróðursetning.

a. Yfirlit og áætlun.

Vorplöntun á Hallormsstað og Hafursá var áætluð 64.600 plöntur, en varð eins og tafla XVII sýnir aðeins 41.868 plöntur. Var plantað 6.500 færri af rauðgreni og um 10.000 færri af lerki og ekki plantað öðru greni og lindifuru, sem áætlað var. Töldum við þær plöntur of smáar, þegar til kastna kom. Hins vegar var allmiklu meira lerki plantað í Fljótsdalinn en áætlað var.

b. Plöntunartími.

Plöntunin hófst í Lýsishól 12. júní á því, að lerki var plantað í gamla greniteiga, þar sem jólatré hafa verið tekin. Þvínæst var sett lerki í sama skyni á Bergsbás í Partinum og var nú í fyrsta sinni plant-
að greni og lerki á víxl í nýja jólatrésplöntun. Var plantað eftir mis-
munandi munstri.

Hinn 16. júní hófst plöntun í Fljótsdal og lauk henni 27. júní.

Hinn 28. júní var plantað lerki í Hafursárland, en lerkiplöntun lauk við Borgargerði 29. júní. Hófst þann sama dag plöntun á rauðgreni í jólatrésreiti utan við Borgargerði. Lauk henni 4. júlí.

Hinn 5. og 6. júlí var rauðgreni plantað í 2 plægðar mýrar í Inn-
skóginum.

Síðasti áfanginn var svo jólatrésplöntun á rauðgreni ofan við Atlavíkurklett, en neðan þjóðveggar og framan við rauðgreniplöntun frá 1948.

c. Kostnaður.

Heildarkostnaður við plöntunina á þessum svæðum varð 138.900 kr., eða 3,36 kr. á plöntu.

8. Hirðing plantna.

a. Kjarrhreinsun.

Allmikil kjarrhreinsun átti sér stað. Var einkum unnið í Lýsishól og við Timburflöt í jólatrésreitum.

Tafla XVII. Plöntun á Hallormsstað og Hafursá 1972.

Nr.	Tegund	Kvæmi	Aldur	Hafursá	PUR	LLL	SUR	AÍK	Bílast. AÍK	Alls
699	Rauðgreni	Trysil	2/3	-	14.445	-	-	-	-	14.445
699	Rauðgreni	Trysil	2/3	-	-	-	2.075	-	-	2.075
699	Rauðgreni	Trysil	2/3	-	-	-	-	6.905	-	6.905
665	Rauðgreni	Trysil	2/4	-	-	-	-	3.925	-	3.925
588	Síberífulerki	Hakaskoja	2/2/3	-	-	150	-	-	-	150
588	Síberífulerki	Hakaskoja	2/2	-	-	2.020	-	-	-	2.020
588	Síberífulerki	Hakaskoja	2/2	-	5.195	-	-	-	-	5.195
652	Síberífulerki	Altai	2/2	575	-	-	-	-	-	575
652	Síberífulerki	Altai	2/2	-	650	-	-	-	-	650
723	Síberífulerki	Altai	1/2	5.850	-	-	-	-	-	5.850
Gardplöntur:										
	Reynir	150-200 cm		-	-	-	-	-	78	78
Alls				6.425	20.290	2.170	2.075	10.830	78	41.868

Aths.

Allt rauðgrenið, sem plantað var í PUR og mest í AÍK, er sett mjög þétt sem jólatrésplöntun.

Rauðgrenið í SUR og 1.100 í AÍK er plantað í plógstrengi á framræstum mýrum.

Lerkið í LLL er allt plantað inn í rauðgreniplantanir, sem búið er að taka úr mikri af jóla-
trjám. Lerkið á Hafursá er sett sitt hvorum megin við Stórumýri.

b. Áburðargjöf.

Borið var á nokkra jólatrésreiti í Lýsishól, aspar- og garðplöntu-gróðursetningu á Ormsstöðum og aspar- og greniplantanir hér milli húsa á staðnum.

Allur kostnaður við hirðingu í skóglendi varð 45.800 kr.

9. Byggingar.

Mest var unnið í umdæmabústaðnum að viðhaldi. Var loks gengið frá miðstöðvarklefa hússins, sem aldrei var lokið við á sínum tíma, ennfremur ýmsar aðdyttingar og viðhald á lóð. Nokkrar breytingar voru gerðar í eldhúsi vegna uppsetningar á uppþvottavél.

Vinnukostnaður varð 41 þús. kr.

Við starfsmannabústað og verkfærageymslu var sáralítið gert.

Vinnukostnaður varð aðeins 23 þús. kr. við hvort tveggja.

10. Fletti sög.

Í nóvember og desember var flett lerkinu frá árinu áður, sem beðið hafði allan tímann í verkfærageymslunni. Allmiklir örðugleikar voru á flettingunni í fyrstu, en okkur tókst loks að komast yfir þá og gekk verkið vel undir lokin.

Við höfum enn ekki mælt upp borðin og plankana, svo að ekki er vitað um verðmæti þess, en það er allavega einhverjir tugir þúsunda.

Þá hugðumst við nú reyna við rekaviðinn, sem lengi hefir verið í geymslu, og nota til þess stóru blöðin, sem keypt voru í fyrra.

Þessi fletting gekk afarilla og skemmdist eitt nýja blaðið hjá okkur. Sýnist okkur helzt, að traktorinn sé of kraftlítill, þegar notað er stærsta ~~ka~~ blaðið og stærstu bolum flett.

Vinnukostnaður við flettisögina varð 33.800 kr.

11. Vélar og verkfæri.

Almennt verkfæraviðhald kostaði á árinu 103.700 kr. í vinnu.

Stóra dráttarvélin var yfirfarin og máluð hátt og lágt. Varð vinnukostnaður við viðhald dráttarvéla 39.700 kr.

Viðhald bifreiðarinnar U-866 kostaði í vinnu 15 þús. kr.

12. Framkvæmdir í Fljótsdall.

a. Girðingar.

Lokið var við að setja stytur í girðingarnar á Víðivöllum og Brekku-Hjarðarbóli. Girðingunni í Geitgerði var lokað seinast í júní og hófst plöntun í hana, en allmikið er eftir til þess að hún sé fullgerð m.a. hlið ófrágengin.

Í haust var byrjað á 1.300 m langri girðingu í Vallholti og er hún í hvamminum fyrir innan Skógarbalann.

b. Plöntun.

Alls var plantað 46.830 plöntum á 5 bæjum: Víðivöllum ytri I og II, Hjarðarbóli, Brekku og Geitagerði. Svotil allt var þetta lerki.

c. Kostnaður.

Allur kostnaður á árinu varð þessi:

a. Girðingar:

Vinna	kr.	86.206,60	
Vörur og þjónusta	"	336,00	
Vinnuvélapjónusta	"	11.256,00	
Staurar	"	12.430,00	110.228,60
<hr/>			
b. Plöntun:			
Vinna	kr.	91.733,70	
Plöntur	"	281.780,00	373.513,70
<hr/>			
c. Framræsla:			
Skurðgröfuvinna	kr.	8.916,00	
			<hr/>
	Alls kr.	492.658,30	<hr/>
			=====

13. Ý m i s l e g t.

a. Gestir skógræktarinnar.

Eins og sumarið áður eyddi ég eins litlum tíma og mögulegt var til þess að sýna fólki um skógin.

Ég nefni þessa aðilja:

- 26. maí. Námskeið Vegagerðar ríkisins fyrir verkstjóra sína víðs vegar af landinu ásamt vegamálastjóra og verkfræðingum Vegagerðarinnar.
- 17. júní. Karlakór Reykjavíkur.
- 24. " Aðalfundur Sambands íslenskra veiðifélaga.
- 24. " Kvenfélag Þingeyrar í Dýrafirði.
- 24. " Aldrað fólk í Neskaupstað í boði Lionsklúbbs staðarins.
- 25. " Aðalfundur Slysavarnafélags Íslands.
- 29. " 100 húsmæður úr Suður-Þingeyjarsýslu.
- 9. júlí. Kristinn E. Andrésson magister og Þóra Vigfúsdóttir kona hans.
- 16. " Nemendur, kennarar og skólastjóri Gagnfræðaskólans í Lundi í Axarfirði.
- 22. " Hópur skandínavískra ferðamanna á vegum Norræna félagsins
- 30. " Karl Guðmundsson verkfræðingur og Sigurður Guðmundsson mælingamaður úr Reykjavík.
- 31. " Stjórn Búnaðarfélag Íslands, búnaðarmálastjóri, stjórn Búnaðarsambands Austurlands, tilraunastjórinn á Skriðuklaustri og konur þeirra.
- 10. ágúst. Stjórn og framkvæmdastjóri Det Kongelige Selskap for Norges Vel og makar.
- 17. " Búnaðarfélag Hróarstungu.
- 29. " - Skógræktarstjóri og starfsmenn Skógræktar ríkisins.
- 30. júní. Frk. Ericson frá finnska sjónvarpinu.

b. Ferðalög og fundahöld.

- 25.-26. febrúar sat ég formannafund Skógræktarfélag Íslands í Reykjavík.
- 28. febrúar - 1. marz sat ég starfsmannafund Skógræktarinnar með skógræktarstjóra.
- 14.-15. apríl sat ég fyrsta náttúruverndarþing sem fulltrúi náttúruverndarnefndar Suður-Múlasýslu.
- 29. apríl flutti ég erindi um umhverfismál á landsfundi Kiwanis-hreyfingarinnar á Íslandi, er haldinn var í Reykjavík.
- 23. júlí flutti ég erindi um svipað efni á héraðshátíð Ungmenna-

- sambands Norður-Pineyinga í Ásbyrgi.
- 24.-27. ágúst sat ég aðalfund Skógræktarfélags Íslands á Höfn í Hornafirði.
28. ágúst fór ég frá Hornafirði með skógræktarstjóra og starfsmönnum Skógræktarinnar til Hallormsstaðar með viðkomu í ýmsum skógræktarreitum á Suðausturlandi.
10. september lagði ég af stað til Noregs í kynnisferð og kom til Reykjavíkur aftur 9. október. Ferðin var farin með styrk frá Norsk-Íslenska skógræktarsjóðnum. Eg fór til Kirkenes í Austur-Finnmörku og þaðan vestur til Troms og suður til Vesterålen, Lofoten og Salten til Bodö, þar sem hinni eiginlegu kynnisferð lauk. Ferðina þar norðurfrá skipulagði fyrir mig skólabróðir minn frá Steinkjer og Ási, Nils Olav Kaasen fylkisskógræktarstjóri áx í Andselv, sem veitti mér ómetanlega fyrirgreiðslu í ferðinni. Frá Bodö fór ég svo með jarnbraut til Oslóar. Var 2 daga á Ási og ræddi við ýmsa skógræktarmenn þar. Sérstök skýrsla verður gefin um þessa ferð.
- 10.-12. október sat ég fund um gróðrarstöðvamálar hjá Skógræktinni í Reykjavík.

Á þessu ári var ég kvaddur alloft til Reykjavíkur til þess að sitja fundi í Landnýtingar- og landgræðslunefnd og fór í nokkur fundarferðalög um Vestfirði og Austurland á vegum hennar. M.a. sat ég fyrir hönd nefndarinnar árlegan fulltrúafund bænda í Austur-Skaftafellssýslu í Mánagarði í Nesjum 1.-2. desember og hélt þar erindi um skógrækt og landnýtingu.

Loks er rétt að geta þess hér, að á þessu ári var ég kvaddur til þess þrisvar sinnum að taka sæti á Alþingi sem varamaður Lúðvíks Jós-epssonar ráðherra. Voru það samtals 5 vikur.

Hallormsstað, 9. marz 1973.

Sig. Blöndal